



Alþýðusamband Íslands

Endurskoðuð hagspá 2010 - 2012

Hagdeild ASÍ
febrúar 2010

Dökkar horfur í ár en batna á næsta ári

Í endurskoðaðri hagspá hagdeildar ASÍ er gert ráð fyrir meiri samdrætti en spáð var í haust og hægari bata í efnahagslífinu. Enn ríkir mikil óvissa um stóriðjuframkvæmdir og allt útlit fyrir að þær frestist a.m.k. fram á næsta ár sem hefur þær afleiðingar að samdrátturinn í ár verður meiri en ráð var fyrir gert og atvinnuleysi meira. Fyrir heimilin þýðir þetta meiri samdrátt í kaupmætti og versnandi lífskjör fram á næsta ár.

Hagdeildin spáir því nú að landsframleiðsla dragist saman um ríflega 5% í ár eftir ríflega 7% samdrátt í fyrra, en botninum verði náð á síðari hluta þessa árs og efnahagsástandið batni árið 2011. Hagvöxtur verður ríflega 2% á því ári og 5,6% á árinu 2012.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

Hlutfallsleg breyting	Áætlun				
	2008	2009	Spá 2010	Spá 2011	Spá 2012
Einkaneysla	-7.8	-15.9	-2.6	0.0	2.5
Samneysla	4.6	-1.0	-3.5	-3.5	-3.6
Fjármunamyndun	-20.4	-48.1	-17.0	41.7	41.8
þar af atvinnuvegir	-25.1	-53.2	-20.7	88.1	60.1
þar af húsnæði	-21.8	-50.3	-15.0	-2.0	8.0
þar af hið opinbera	0.8	-28.6	-9.8	-14.9	-7.0
Þjóðarútgjöld	-8.6	-19.4	-5.3	4.3	7.7
Útflutningur	7.1	2.5	0.7	4.0	3.6
Innflutningur	-18.3	-25.7	-2.0	10.7	8.1
Landsframleiðsla	1.3	-7.2	-5.3	2.1	5.6
Verðbólga ¹	12.4	12.0	3.9	2.4	3.6
Atvinnuleysi ²	1.6	8.0	10.3	10.3	9.3
Gengisvísitala ³	166.2	223.9	229.7	224.2	220.0
Viðskiptajöfnuður ⁴	-42.2	-13.6	-0.7	-5.2	-7.6

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu


Mikil óvissa vegna tafa á lausn Icesave deildunnar og seinagangs í ákvarðanatöku valda því að batinn í efnahagslífinu er hægari en vonir stóðu til. Í spá hagdeildar er hins vegar gengið út frá því að samningum vegna Icesave ljúki á næstu mánuðum og að efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS gangi eftir. Þar með verði mikilli óvissu um framvindu efnahagsmála eytt sem auðveldar enduruppbyggingu.

Gangi þetta ekki eftir verður þróunin önnur og mun dekkri en hér er dregin upp. Endurreisn efnahagslífsins testf þá enn frekar með þeim afleiðingum að niðursveiflan verður dýpri og langvinnari og hagvöxtur minni. Atvinnuleysi verður enn meira og þrálátara og það tekur lengri tíma að ná fyrri lífskjörum á ný.

Áfram dregur úr fjárfestingum

Fjárfestingar mun samkvæmt endurskoðaðri hagspá dragast saman um 17% í ár sem er umtalsverð breyting frá haustspánni en þá var gert ráð fyrir 4% vexti. Munar þar mestu um breyttar forsendur fyrir fjárfestingum í stóriðju en gert er ráð fyrir að þær frestist fram á næsta ár. Fjárfestingar munu á því ári vaxa um tæplega 42% og annað eins árið 2012. Gert er ráð fyrir auknu aðhaldi í fjármálum ríkis og sveitarfélaga sem leiðir til meiri samdráttar í opinberum framkvæmdum árin 2011 og 2012 en áður var spáð. Þrátt fyrir að mikil óvissa ríki um einkaframkvæmdir er gert ráð fyrir að hluta niðurskuðarins í opinberum framkvæmdum verði mætt með einkaframkvæmdum. Útlit er fyrir áframhaldandi samdrátt í öðrum atvinnuvegafjárfestingum en stóriðju í ár. Hagdeildin spáir um fimmtungs samdrætti í heildar atvinnuvegafjárfestingum í ár en gerir ráð fyrir tæplega 90% aukningu á næsta ári og um 60% árið 2012.

Vöxtur fjárfestinga



Framkvæmdir skipta miklu máli fyrir efnahagslífið bæði til skemmri og lengri tíma. Fjárfestingar hafa að jafnaði vegið um fimmtug af landsframleiðslu og umfang þeirra hefur því umtalsverð áhrif á stærð þjóðarkökunnar. Ef fjárfestingar aukast um 10% í ár þýðir það að landsframleiðslan eykst um 0,7%, fleiri störf skapast og atvinnuleysi minnkar. Fjárfestingar leggja einnig grunn að aukinni verðmætasköpun í framtíðinni sem er grundvöllur að bættum lífskjörum til lengri tíma.

Strangt aðhald í fjármálum hins opinbera

Strangt aðhald verður í fjármálum hins opinbera næstu tvö árin. Staðan í fjármálum ríkis og sveitarfélaga er slæm en fer þó batnandi. Þrátt fyrir að dregið hafi umtalsvert úr hallarekstri hins opinbera frá árinu 2008 stefnir í töluverðan halla á þessu ári og því næsta. Þetta kallar á mikið aðhald í opinberum fjármálum en áætlað var að skera þyrfti niður hjá ríkinu um 50 milljarða á næsta ári, 30 milljarða árið 2012 og 20 milljarða árið 2013 til þess að efnahagsáætlun stjórnvalda gangi eftir. Meiri samdráttur í hagkerfinu kallar á frekari niðurskurð. Í spá hagdeildar er gert ráð fyrir að stjórnvöld fylgi þessari áætlun og jafnvægi verði náð í fjármálum hins opinbera undir lok spátímans sem þýðir að auka þarf aðhaldi í opinberum rekstri. Spáin gerir ráð fyrir að samneysluútgjöld dragist saman um 3,5% - 3,6% á ári allan spátímann.

Staða heimilanna áfram þröng


Staða heimilanna verður áfram þröng. Kaupmáttur ráðstöfunartekna fer enn minnkandi þrátt fyrir að draga fari úr verðbólgu síðar á þessu ári. Slæmt atvinnuástand, styttri vinnutími, hækkaðar álögur og lækun bóta almannatrygginga sem og barna- og vaxtabóta leggjast á eitt um að draga úr ráðstöfunartekjum heimilanna. Breytinga er ekki að vænta fyrr en birta tekur á vinnumarkaði. Við lok

spátímans verður kaupmáttur ráðstöfunartekna orðin svipaður og hann var fyrir um áratug og hefur þá rýrnað um ríflega fjórðung frá árinu 2007. Aðgerðir til að létta greiðslubyrðni heimilanna vega nokkuð á móti á móti og hefur neysla dregist minna saman en búist var við í haust. Erfið fjárhagstaða margra heimila og óvissa um framvindu efnahagsmála halda þó enn aftur af einkaneyslunni. Hagdeildin spáir því að einkaneysla dragist saman í ár um 2,6%, standi í stað á næsta ári en fari vaxandi á nýjan leik undir lok spátímans.

Dökkar horfur á vinnumarkaði

Staðan á vinnumarkaði er slæm og fer áfram versnandi á næstu mánuðum. Tafir á endurskipulagningu fyrirtækja orsaka meira atvinnuleysi en áætlað var í haust, auk þess sem á annað þúsund ársverk tapast í ár vegna tafa á stóriðjuframkvæmdum. Hagdeildin spáir því að atvinnuleysið verði að meðaltali ríflega 10% í ár og á næsta ári sem jafngildir því að tæplega 17.000 manns verði án atvinnu. Gera má ráð fyrir því að atvinnuleysi mælist mest í upphafi næsta árs, tæp 11% en eftir það dragi úr því og atvinnuleysið verði komið niður í 8,5% í lok spátímans, í árslok 2012.

Atvinnuleysi



Gengið styrkist lítillega en verður áfram veikt


Mikil óvissa í efnahagslífinu veldur því að gengi krónunnar er veikara en áætlað var í haustspá hagdeildar. Við gerum ráð fyrir því að gengið styrkist lítillega á síðari hluta ársins og í kjölfarið muni Seðlabankinn stíga varfærin skref í lækkun vaxta og afléttingu gjaldeyrishafta.

Verðbólgan þrálát en gefur eftir

Verðbólgan hefur reynst þrálátari en spáð var í haust. Stafar það m.a. af veikari krónu, meiri hækkun opinberra álaga og neysluskatta og minni lækkun íbúðaverðs en vænst var. Verðbólga mældist 7,3% nú í febrúar sem er nokkuð meira en búist var við. Gangi spá hagdeilda eftir lækkar verðbólga hratt á yfirstandandi ári og verður komin niður undir 2% í árslok. Verðlag hækkar síðan lítillega þegar líður á næsta ár og búast má við því að þegar hagkerfið tekur við sér á ný á árinu 2012 aukist verðbólgan að nýju.

Verðbólga

12 mánaða verðbólga ársfjórðungsmeðaltöl



Hagkerfi heimsins tekur við sér á ný

Hagkerfi heimsins rétta nú hægt og rólega úr kútnum eftir mikinn samdrátt í fyrra og útlit fyrir að alþjóðaviðskipti vaxti talsvert á næstu misserum. Vonir standa til þess að eftirspurn eftir helstu útflutningsvörum okkar aukist samfara batnandi efnahagsástandi í viðskiptalöndum. Viðsnúningur var í utanríkisviðskiptum í fyrra vegna mikils samdráttar í innflutningi fjárfestinga-og neysluvara og afgangur af vöruskiptum við útlönd mældist í fyrsta sinn síðan árið 1996.

Í ár er því spáð að innflutningur dragist saman um 2% en aukist að nýju á næsta ári þegar stóriðjuframkvæmdir hefjast. Útflutningur á áli og í þjónustu við ferðamenn jóskt nokkuð í fyrra og áfram er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu í ár og um 4% vexti á ári næstu tvö árin.

Þrátt fyrir afgang af viðskiptum með vörur og þjónustu verður viðskiptajöfnuðurinn neikvæður vegna hárra vaxtagreiðslna allt spátímabilið. Viðskiptajöfnuðurinn verður neikvæður um 0,7% af landsframleiðslu í ár og fer vaxandi á næstu tveimur árum og verðu orðin neikvæður um 7,6% árið 2012.

Viðskiptajöfnuður

